

From: Bjarni Guðmundsson

Sent: föstudagur, 11. september 2020 13:24

Subject: Stafrænt ráð með fulltrúum sveitarfélaga á Suðurlandi ...

Heil og sæl.

Á síðasta fundi stjórnar SASS var tekið fyrir erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um þátttöku Sunnlendinga í stafrænu ráði sveitarfélaga, sbr. erindi í viðhengi. Óskað var eftir að stjórn SASS skipaði fulltrúa í stafrænt ráð sveitarfélaga en ráðinu er ætlað að styðja við stefnumótun og forgangsröðun um stafræna framþróun sveitarfélaga og að til verði samstarf sveitarfélaga á landsvísu um þau mál.

Stjórn SASS samþykkti að skipa Friðrik Sigurbjörnsson í Hveragerði í stafrænt ráð sveitarfélaga.

Þegar hefur verið boðað til fjarfundar sem halda á með sveitarfélögum fimmtán á Suðurlandi þar sem Fjóla María Ágústadóttir, breytingastjóri stafrænnar þjónustu hjá sambandinu, fer yfir stöðu stafrænna mála. Fjarfundurinn verður haldinn á þriðjudaginn 15. september nk. kl. 09:00 – 10:30.

Stjórn samþykkti jafnframt að skipa faghóp með fulltrúum sveitarfélaga á Suðurlandi. Faghópurinn verði Friðriki til stuðnings við miðlun upplýsinga til sambandsins og sveitarfélaganna í landshlutanum.

Óskað er eftir tilnefningu á fulltrúa frá ykkar sveitarfélagi í faghópinn en sá aðili þarf fyrst og fremst að brenna af áhuga fyrir stafrænum málum. Hann/hún má vera kjörinn fulltrúi eða starfsmaður sveitarfélagsins, sjá betur drög að erindisbréfi í viðhengi.

Bkv.,

Bjarni